

## Fréttabréf Viðskiptaráðs – 2. desember 2008

---

### Ný skoðun Viðskiptaráðs: Forðast ber skattahækkanir

Undanfarin ár hefur hið opinbera skilað afgangi í rekstri sínum enda hafa skatttekjur vaxið með miklum hraða. Í kjölfar hruns íslenska fjármálakerfisins er ljóst að allir tekjustofnar hins opinbera munu dragast verulega saman og verg skuldastaða versna til muna. Samkvæmt bráðabirgðamati stjórnvalda er áætlað að vergur kostnaður vegna innstæðutrygginga og endurfjármögnunar fjármálakerfisins nemi um 80% af landsframleiðslu. Að viðbættum kostnaði af auknum halla hins opinbera árið 2009 er gert ráð fyrir að vergar skuldir hins opinbera aukist úr 29% af landsframleiðslu í lok árs 2007 í 109% af landsframleiðslu í árslok 2009.

Samdráttur í skatttekjum og stórauknar vaxtagreiðslur munu því setja hinu opinbera verulegar skorður á næstu árum. Samkvæmt viljayfirlýsingu stjórnvalda og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins er gert ráð fyrir að afkoma ríkissjóðs, leiðrétt fyrir hagsveiflu, verði orðin jákvæð árið 2011 og í kjölfarið hefjist markviss niðurgreiðsla skulda. Aðhaldssamri stefnu stjórnvalda í ríkisfjármálum ber að fagna enda grundvallarþáttur í endurreisn hagkerfisins. Miðað við vænta hagþróun næstu ára liggur því fyrir að stjórnvöld hafa tvo kosti til að brúa þann fjárlagahalla sem þau standa frammi fyrir. Annað hvort þarf að skera niður útgjöld eða auka skattheimtu umtalsvert.

Viðskiptaráð telur mikilvægt að stjórnvöld velji fyrri leiðina. Fjárhagsstaða einstaklinga og heimila er nú þegar í molum og ekki á það bætandi með hækkun skatta. Þrátt fyrir góða afkomu hins opinbera síðustu ár hafa útgjöld vaxið með miklum hraða og því ljóst að umtalsvert svigrúm er til hagræðingar í rekstri þess. Um þetta hefur Viðskiptaráð ítrekað fjallað á undanförunum árum. Minni umsvif hins opinbera myndu einnig draga úr fjárþörf þess og skapa mikilvægt athafnarými fyrir einkaaðila. Að lokum er ekki fyrséð hver áhrif skattahækkana yrðu við þær viðkvæmu aðstæður sem ríkja í efnahagslífinu. Hætt er við að skattahækkanir leiði til enn frekari samdráttar sem myndi þrengja skattstofna og mögulega draga úr heildarskatttekjum á endanum. Í ljósi þess er skynsamlegt að forðast skattahækkanir eftir fremsta megni.

Skoðunina í heild sinni má nálgast [hér](#).

### Aðgerðir í þágu fyrirtækja

Ríkisstjórnin kynnti í dag aðgerðaáætlun í þágu íslenskra fyrirtækja. Aðgerðum ríkisstjórnarinnar ber að

fagna enda staða atvinnulífsins mjög alvarleg um þessar mundir. Algert forgangsmál er að tryggja viðunandi rekstrarumhverfi fyrirtækja enda er öflugt atvinnulíf grunnforsenda hagsældar.

Aðgerðirnar eru mikilvægt skref í rétta átt og þeim þarf að fylgja eftir með markvissum hætti. Engu að síður þarf að koma til víðtækari og öflugri aðgerða ef tryggja á að hjól atvinnulífsins snúist áfram og að endurreisn hagkerfisins gangi eins greitt fyrir sig og mögulegt er. Í þessu sambandi minnir Viðskiptaráð á nýlega skoðun ráðsins, "Aðgerðir í þágu atvinnulífs", sem kom út í síðasta mánuði, en sumar aðgerðir ríkisstjórnarinnar taka mið af tillögum Viðskiptaráðs. Skoðun Viðskiptaráðs má nálgast [hér](#).

Þau tólf atriði sem ríkisstjórnin leggur til í aðgerðaáætluninni eru eftirfarandi:

1. Stjórnvöld gera bankaráðum hinna nýju banka að setja sér skýrar viðmiðunarreglur um fyrirgreiðslu við fyrirtæki í landinu með það að markmiði að vernda störf og stuðla að áframhaldandi starfsemi lífvænlegra fyrirtækja. Reglurnar taki m.a. til lengingar lána, niðurfærslu skulda, breytingar lána í eigið fé og sameiningar fyrirtækja. Settar verði reglur sem tryggi gegnsæi í ákvarðanatöku bankanna og hlutlæga fyrirgreiðslu, þar sem hugað verði að samræmdum vinnubrögðum gagnvart fyrirtækjum. Innra eftirlit bankanna verði eftl.
2. Stofnuð verði sérstök eignaumsýslufélög á vegum bankanna sem hafi umsjón með eignar-hlutum í fyrirtækjum, þar sem ákveðið hefur verið að breyta skuldum í eigið fé.
3. Skipaður verði óháður umboðsmaður viðskiptavina í hverjum banka. Skal hann m.a. hafa það hlutverk að gæta þess að viðkomandi banki mismuni ekki viðskiptavinum með óeðlilegum hætti, að ferli við endurskipulagningu fyrirtækja og aðrar mikilvægar ráðstafanir sé gagnsætt og skráð og að bankinn gæti að samkeppnissjónarmiðum. Bankaráð velji umboðsmann í hverjum banka og tryggi að hann geti sinnt eftirliti sínu.
4. Við endurskipulagningu fyrirtækja verða valdar leiðir sem efla samkeppni eða hamla samkeppni minnst. Á sama hátt verði svigrúm til að draga úr fákeppni eða markaðsráðandi stöðu nýtt sem kostur er. Þeim tilmælum er beint til bankaráða að hafa hliðsjón af þeim meginreglum um samkeppnissjónarmið sem koma fram í álit Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2008.
5. Ríkisstjórnin mun liðka fyrir stofnun endurreisnarsjóðs, öflugs fjárfestingasjóðs atvinnu-lífsins með þátttöku lífeyrissjóða, banka og annarra fjárfesta, þar á meðal erlendra. Ríkisstjórnin hefur ákveðið að beita sér fyrir lagasetningu sem rýmkar heimildir lífeyrissjóða til að taka þátt í slíkum fjárfestingum

innanlands.

6. Ríkisstjórnin hvetur til þess að í fjárfestingastefnu sinni taki endurreisnarsjóður m.a. tillit til sjónarmiða er lúta að góðum stjórnunarháttum og samfélagslegri ábyrgð fyrirtækja, þar á meðal áherslu fyrirtækja á að viðhalda eða fjölga störfum. Auk þess verður lögð áhersla á launastefnu, jafnréttisstefnu, umhverfisstefnu, framlög til rannsókna og þróunar, mikilvægi starfsemi fyrir grunnþjónustu samfélagsins o.s.frv.

7. Ríkisstjórnin lýsir yfir vilja til að greiða fyrir uppgjöri við erlenda kröfuhafa með því að bjóða þeim hlutfé í nýju bönkunum, m.a. í því skyni að tryggja endurfjármögnun bank-anna, fjölbreyttara bankaumhverfi og greiða fyrir eðlilegum lánaviðskiptum innlendra aðila og erlendra banka.

8. Fyrirtækjum sem uppfylla að öðru leyti skilyrði laga verður gert kleift að gera ársreikninga upp í erlendri mynt með lagasetningu sem gildi afturvirktt frá 1. janúar 2008.

9. Stjórnvöld greiði með lagasetningu fyrir langtímaeign lífeyrissjóða á fasteignum sem þeir hafa lánað fyrir. Þannig má bjóða einstaklingum og fyrirtækjum sem missa fasteignir sínar að búa eða starfa áfram í fasteigninni með því að leigja hana af lífeyrissjóðunum.

10. Lögð verði sérstök áhersla á mannaflsfrekar atvinnuskapandi aðgerðir á vegum ríkisins. Leitað verði eftir samstarfi við sveitarfélög um tímasetningu framkvæmda með það fyrir augum að standa vörð um atvinnu fólks og auka hagkvæmni.

11. Stjórnvöld munu beita sér fyrir endurskoðun á ákvæðum hlutafélagalaga, skattalaga og annarra laga í því skyni að auðvelda stjórnendum fyrirtækja að komast í gegnum tímabundna erfiðleika vegna efnahagsástandsins.

12. Ríkisstjórnin mun í samvinnu við aðila vinnumarkaðarins fara yfir nýsettar reglur um gjaldeyrishömlur sem ætlað er að styrkja gengi krónunnar til að takmarka neikvæð hliðaráhrif þeirra eins og kostur er.

Yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi fyrirtæja má nálgast í heild sinni [hér](#).

### **Ný gjaldeyrislög gagnrýnd í Kastljósi Sjónvarps**

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands, kom fram í Kastljósi Sjónvarpsins í gær, mánudaginn 1. desember. Til umræðu voru ný gjaldeyrislög sem samþykkt voru fyrir helgi. Finnur

gagnrýndi lögin og lýsti yfir efasemdum um nytsemi þeirra. Benti hann m.a. á að lögin kæmu í veg fyrir að eðlileg uppbygging íslensks viðskiptalífs gæti átt sér stað. Lögin hefti ekki einungis útlæði fjármagns, heldur einnig innflæði, og skaði trúverðugleika Íslands til framtíðar.

Að auki sagði Finnur lögin hafa margvísleg skaðleg áhrif á atvinnulífið og taldi víst að þau drægju verulega úr áhuga erlendra fjárfesta á Íslandi til langframa. Líkti hann ástandinu við mislukkaða tónleika þar sem tónleikagestum væri meinað að yfirgefa svæðið og benti á að ólíklegt væri að slík hljómsveit nyti vinsælda í framtíðinni. Að lokum ítrekaði hann mikilvægi þess að grípa til aðgerða til að bæta trúverðugleika íslenska hagkerfisins og sagði það ekki þola neina bið.

Viðtalið í heild má sjá [hér](#).

#### **Uppfært upplýsingaskjal handa erlendum aðilum**

Upplýsingaskjal handa erlendum aðilum, "The Icelandic Economic Situation: Status Report", hefur nú verið uppfært. Skjalið má nálgast [hér](#).